



Með vísan til fréttatilkynningar sem birt var á vef Seðlabanka Íslands 5. maí 2017, hefur Seðlabankinn ákveðið að fram lengja frest milligönguaðila til að senda beiðnir um viðskipti á tilboðsgenginu 137,5 kr. fyrir hverja evru til 15. júní 2017 og skulu beiðnir hafa borist fyrir þann tíma.

Hér á eftir settir fram skilmálar þessara viðskipta:

1. Clearstream Banking S.A. og Euroclear Bank S.A./N.V. (hér eftir einnig nefndir „milligönguaðilar“) er boðið að hafa milligöngu í eigin nafni um beiðnir um viðskipti á tilboðsgenginu 137,5 kr. fyrir hverja evru (hér eftir „viðskiptin“). Viðskiptin eru framkvæmd með vísan til skilmála þessara og á grundvelli 1. mgr. 18. gr. og III. bráðabirgðaákvæðis laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001.
2. Heildarverðmæti í íslenskum krónum sem Seðlabankinn býðst til að kaupa eru útistandandi aflandskrónueignir, sbr. lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016. Tilboðið tekur til til aflandskrónueigna í formi innstæðna, víxla og skuldabréfa útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð íslenska ríkisins og innstæðubréfs Seðlabankans. Uppgjörsverðið tekur mið af hagstæðasta kauptilboði við lok viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. þann 10. mars 2017, eins og nánar er tilgreint í neðangreindri töflu, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum.

ISIN kóði	Bráðabirgða ISIN	Flokkur	Hreint kaupverð	Uppgjörsverð*
IS0000017077	IS0000027266	RIKB 19 0226	107,150	109,931
IS0000024453	IS0000027209	RIKB 20 0205	103,500	105,846
IS0000020717	IS0000027282	RIKB 22 1026	111,260	116,007
IS0000019321	IS0000027233	RIKB 25 0612	120,405	120,624
IS0000020386	IS0000027241	RIKB 31 0124	114,970	117,623
IS0000019453	IS0000027191	RIKH 18 1009	99,750	99,922
IS0000020014	IS0000027175	RIKS 21 0414	103,555	127,428
XS0195066146		HFF150224	102,205	84,809
XS0195066575		HFF150434	108,425	142,636
XS0195066658		HFF150644	113,902	174,968
IS0000027068		CBI2016	100,000	100,027397
IS0000028397	IS0000028470	RIKV 17 0815	N/A	99,179

\*m.v. uppgjörsdag 22. júní 2017

3. Milligönguaðilar senda beiðnir um viðskipti til Seðlabankans fyrir kl. 10:00 fimmtudaginn 15. júní 2017 (samkvæmt staðartíma á Íslandi) þegar frestur til að skila inn beiðnir um viðskipti rennur út. Niðurstöður viðskiptanna verða birtar á heimasíðu Seðlabankans að afloknu uppgjöri viðskiptanna þann 22. júní 2017. Á uppgjörsdegi skal milligönguaðili færa samtölu allra fjármálagerninga sem tilboðið tekur til á reikning Seðlabankans sem bankinn tilgreinir. Sama dag mun Seðlabankinn millifæra tilboðsvirði í evru á reikning milligönguaðila sem milligönguaðili tilgreinir.
4. Verðið í viðskiptunum er 137,5 kr. á hverja evru.
5. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja allar beiðnir um viðskipti sem berast, hafna þeim að hluta eða hafna þeim öllum.
6. Framangreindir milligönguaðilar sem hafa samið við Seðlabankann, skulu safna beiðnum um viðskipti, sbr. 7. gr. þessara skilmála. Beiðnir um viðskipti á milli viðskiptamanna og milligönguaðila skulu vera skuldbindandi beiðnir með þeim fyrirvörum sem leiða af viðskiptunum. Milligönguaðilar skulu leggja fram samskonar beiðnir um viðskipti til Seðlabankans í eigin nafni fyrir hönd viðskiptamanna sina. Milligönguaðilum er heimilt að sameina þær beiðnir um viðskipti frá viðskiptamönnum þar sem greiðslur þeirra eru sömu tegundar.

7. Milligönguaðilar skulu einungis safna þeim beiðnum um viðskipti þar sem framboðið fjármagn er aflandskrónueignir eins og þær eru skilgreindar skv. 1. tölul. 2. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, og þá einungis þær sem eru í formi reiðufjár, skuldabréfa og víxla útgefinna af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð íslenska ríkisins eða innstæðubréfa Seðlabankans og koma fram í töflu í gr. 2.
8. Milligönguaðilar skulu, vegna allra beiðna um viðskipti sem þeir leggja fram til Seðlabankans, hafa kannað og safnað upplýsingum um raunverulegan eiganda og uppruna fjármagns að baki hverri beiðni um viðskipti, til samræmis við II. og III. kafla laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnum hryðjuverka, nr. 64/2006, ásamt því að ganga úr skugga um raunverulegur eigandi líti ekki alþjóðlegum þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Komi til þess að Seðlabankinn óski þess, skal milligönguaðili án ástæðulausra tafa, afhenda Seðlabankanum afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar. Með framlagningu beiðna um viðskipti samþykkir milligönguaðili, bæði fyrir sína hönd og fyrir hönd síns viðskiptamanns, að Seðlabankinn veiti Fjármálaeftirlitini, skattyfirvöldum, ákærvaldi og/eða lögreglu; upplýsingar um raunverulegan eiganda fjármuna, komi fram krafa þess efnis, án tillits til þess hvort krafa um slíkt beinist almennt að tilboði Seðlabankans eða einstökum beiðnum um viðskipti.
9. Beiðni skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um magn aflandskrónueignar sem boðið er til sölu og tegund aflandskrónueignar. Í öllum tilvikum þar sem aflandskrónueign er ekki í formi reiðufjár skal geta um nafn á aflandskrónueign eins og henni er lýst, sbr. 2. gr. Engin lágmarksfjárhæð er fyrir hverja beiðni um viðskipti og þær skulu hlaupa á einni krónu.
10. Efni milligönguaðili ekki beiðni um viðskipti sitt áskilur Seðlabankinn sér rétt til að krefja milligönguaðila um fullar efndir og hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst; allt án frekari fyrirvara, og án ábyrgðar gagnvart viðskiptamanni milligönguaðilans.
11. Eigi síðar en 30. júní 2017 skal milligönguaðili afhenda viðskiptamanni erlendan gjaldeyri til samræmis við beiðni viðskiptamanns um viðskipti sem milligönguaðili samþykkti fyrir sitt leyti og er öll skipting fjármuna á milli viðskiptamanna milligönguaðila á ábyrgð hans.
12. Ef beiðni um viðskipti berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra sambærilegra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Seðlabankinn hefur heimild til að fella niður viðskiptin í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Milligönguaðilar geta óskað staðfestingar á móttöku beiðna um viðskipti hjá bakvinnslu Seðlabanka Íslands á netfangið [bakvinnsla@sedlabanki.is](mailto:bakvinnsla@sedlabanki.is), en óskir um slíkt hafa engin áhrif á það hvenær frestur til að skila inn beiðnum um viðskipti rennur út. Milligönguaðilar skulu senda Seðlabankanum samantekinn lista með þeim beiðnum um viðskipti sem milligönguaðili hefur safnað saman fyrir hönd sinna viðskiptamanna.
13. Skilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og milligönguaðila sem gagnaðila Seðlabankans. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á neinum skuldbindingum milligönguaðila gagnvart viðskiptamanni hans vegna gjaldeyriviðskipta þeirra á milli, og sem leiða af þáttöku milligönguaðila í viðskiptunum.
14. Um skilmála þessa gilda íslensk lög. Komi til ágreinings um túlkun þeirra skulu þeir aðilar sem um ræðir reyna sitt ítrasta til að leysa málin sín á milli. Að öðru leyti heyrir ágreiningur um túlkun skilmála þessara undir Héraðsdóms Reykjavíkur.
15. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.